

---

## 102. Orri Páll Jóhannsson (Replik)

Informasjon

Type

Replik

Tale nummer

102

Person

[Orri Páll Jóhannsson](#)

Status

Waiting for transcription

Dato

01.11.23 09:29

Herra forseti. Talið er brýnt að auka fjármagn til öryggis- og varnarmála. Í ljósi þess að peningar virðast skipta öllu máli í aðdraganda og eftirmálum stríðs þá langar mig að spryja ráðherrann út í þau áform Finna að draga úr fjármagni til þróunarsamvinnu. Hafi ég skilið fréttir rétt þá áforma Finnar að draga úr eða hætta þróunarsamvinnu í löndum Afríku sem ekki hafa lýst yfir stuðningi við Úkraínu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Við vitum að breytingar í veðurfari af völdum loftslagsbreytinga er ein undirliggjandi breyta stríða. Telur ráðherrann að það fari saman að draga úr þróunarsamvinnu við þau sem ef til vill verða fyrir mestum áhrifum af loftslagsbreytingum en auka á sama tíma framlög til öryggis- og varnarmála? Er það trúverðugt á alþjóðavettvangi að skera svona mikið niður til þróunarsamvinnu?

## Skandinavisk oversettelse

Hr. præsident. Det anses for at være vigtigt at øge bevillinger til sikkerhed og forsvar. I lyset af, at penge ser ud til at være altafgørende, både før krige bryder ud og i efterdønningerne af dem, så vil jeg gerne spørge ministeren om Finlands planer om at beskære bevillinger til udviklingssamarbejde. Hvis jeg har forstået nyhederne korrekt, så har Finland planer om at reducere eller indstille udviklingssamarbejde i de afrikanske lande, der ikke har udtrykt en støtte til Ukraine i FN. Vi ved, at ændringer i vejrførhold på grund

af klimaændringer kan være med til at øge spændingerne landene imellem. Mener ministeren, at det er foreneligt at reducere udviklingssamarbejde med de lande, som måske bliver mest ramt af klimaændringerne, samtidig med at man øger bevillinger til sikkerhed og forsvar? Er det troværdigt på den internationale scene, at man skærer så kraftigt i udviklingssamarbejdet?